

## Fréttabréf Brimvers/Æskukots

### September 2016

Skólafárið er komið á fulla ferð og höfum við notið þess að hittast aftur eftir sumarfrí. Nýir nemendur hafa verið í aðlögun og er gaman að hitta þá og foreldra þeirra. Deildarstjórar eru að ganga frá dagskipulagi fyrir skólaárið fyrir sínar deildir sem verður kynnt á kynningarfundum fyrir foreldra sem haldnir verða í september. **Kynningarfundir fyrir foreldra á skólafarinu verða á báðum starfsstöðvum:**

13. september kl. 8:10-9:00 á Brimveri

14. september kl. 8:10-9:00 á Æskukoti.

### Björgunarsveitahundurinn Breki og Hafdís Óladóttir heimsóttu leikskólann



Björgunarsveitahundurinn Breki og Hafdís Óladóttir sem eru í Björgunarsveitinni Björg á Eyrarbakka komu í heimsókn í Brimver/Æskukot. Hafdís sagði okkur hvernig á að umgangast hunda og sagði okkur frá leitarhundinum Breka sem er á útkallslista björgunarsveitanna. Breki sýndi okkur hvernig hann leitar að fólki með því að finna börn sem fengu að fela sig. Hann sýndi okkur líka ýmsar listir sem hann hefur æft með Hafdís.

Við þökkum Hafdís og Breka kærlega fyrir komuna, þetta var ánægjuleg heimsókn ☺.

### Aðalfundur foreldrafélaga Brimvers/Æskukots og kosið í foreldraráð leikskólans

Þriðjudaginn 27. september kl. 20.00 verður haldinn aðalfundur foreldrafélaga leikskólans og kosið í foreldraráð. Fundurinn verður á Brimveri, Eyrarbakka.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

### Upplýsingar um starfsdaga skólaári 2016-2017

7. október 2016 – Haustþing leikskólinn lokaður

17. nóvember 2016 – Leikskólinn lokaður

2. janúar 2017 – Leikskólinn lokaður

21. febrúar 2017 – Leikskólinn lokaður

7. júní 2017 – Leikskólinn lokaður

6. júlí 2017 – Sumarfrí hefst.